

Nr. 054 / 14 Goðafoss***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 9086796
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. febrúar 2014 var Goðafoss að fara úr höfn í Fredrikstad. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að setja út lóðsleiðara á bakborðssíðu og bugtuðu hverja færú upp á rekkverkið áður en henni var slakað niður með síðunni. Í einni færslunni féll bugtin inn fyrir og eitt þrepið féll ofan á hné eins skipverjans.

Við rannsókn kom fram:

- að lóðsleiðarinn var af hefðbundinn gerð með þremur stuðningsþrepum en þau skaga langt út frá leiðaranum svo hann geti ekki snúist hangandi á niður með síðunni;
- að þrepið sem lenti á skipverjanum var eitt af stuðningsþrepunum;
- að skipverjinn taldi að hann og skipsfélagi sinn hefðu ekki verið samtaka við að sleppa leiðaranum út.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.